

LEI-0237

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

Efnisyfirlit

Loftslags- og umhverfisstefna Landsvirkjunar.....	3
Kröfur og tilmæli til verktaka og þjónustuaðila	3
1. Almennar kröfur	3
2. Nýting vatns : Grunnvatn - kalt vatn.....	4
3. Landnotkun og lífríki	5
3.1 Jarðrask.....	5
3.2 Lífríki	5
3.3 Sjónræn áhrif og landmótun.....	6
4. Orkunotkun - Eldsneyti og olíur	6
4.1 Eldsneytisnotkun – loftslagsáhrif.....	6
4.2 Mengun og leki	6
4.3 Olíutankar, áfylling og varnir	7
5. Efnanotkun.....	8
6. Innkaup.....	9
7. Frárennsli	9
8. Úrgangur	10
8.1 Úrgangur til flokkunar	10
8.2 Spilliefni.....	11
9. Samfélag.....	12

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

Loftslags- og umhverfisstefna Landsvirkjunar

Landsvirkjun stuðlar að sjálfbærum heimi með umhverfislega sjálfbærri orkuvinnslu sem samræmist markmiðum heims um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C miðað við upphaf iðnbýltingar.

Við berum virðingu fyrir náttúru landsins og ásýnd þess og vinnum stöðugt að því að bæta nýtingu auðlinda og koma í veg fyrir sóun. Við stöndum vörð um líffræðilega fjölbreytni með vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Áhersla er lögð er á að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar, að draga úr þeim og koma í veg fyrir umhverfisatvik.

Við tökum virkan þátt í alþjóðlegri baráttu gegn loftslagsvánni. Markvisst er unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar, styðja við skuldbindingar Íslands um samdrátt í samfélagslosun og bregðast við þeim áskorunum og tækifærum sem loftslagsbreytingum fylgja.

Skýringar

Orðanotkun: Þegar vísað er til verktaka í texta hér að neðan er einnig átt við þjónustuaðila.

Merkingar:

- Almennar kröfur
- Upplýsingum skilað til Landsvirkjunar þ.e. til verkefnisstjóra/tengiliðar verksins.
- + Viðbrögð

Kröfur og tilmæli til verktaka og þjónustuaðila

1. Almennar kröfur

Landsvirkjun leggur áherslu á að þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitast við að draga úr þeim og koma í veg fyrir skaða á umhverfi og náttúru landsins. Landsvirkjun starfar samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) og gerir því kröfu til verktaka að þeir starfi samkvæmt sambærilegum kröfum og þar eru gerðar.

Allir verktakar og þjónustuaðilar sem koma að starfsemi Landsvirkjunar eiga að fylgja kröfum fyrirtækisins varðandi umhverfismál sem ná yfir allar framkvæmdir og þjónustu auk reksturs. Kröfurnar eru ekki tæmandi og hugsaðar til að árétta, og í mörgum tilfellum ganga lengra, en kröfur sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og verktökum ber að fylgja.

Það er stefna Landsvirkjunar að verktakar og þjónustuaðilar fái viðhlítandi fræðslu um umhverfismál áður en verk hefst. Þannig vill Landsvirkjun tryggja að allir sem vinna fyrir fyrirtækið hafi yfir að ráða hæfni og þekkingu til að framfylgja umhverfisstefnu fyrirtækisins.

Öll umhverfisatvik (næstum umhverfistjón og umhverfistjón) hjá verktökum skulu tilkynnt til Landsvirkjunar og meðhöndluð og skráð eins fljótt og auðið er, óháð alvarleika. Atvik eru skyndilegir og óvæntir atburðir sem valdið hafa tjóni eða hefðu getað valdið tjóni við aðrar kringumstæður. Orsakir atvikanna skulu greindar og úrbætur gerðar þegar í stað til að koma í veg fyrir endurtekningu. Öll alvarleg og mjög alvarleg umhverfisatvik skal rötargreina.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

Olíuleki er ein helsta umhverfisáhættan í rekstri og framkvæmdum Landsvirkjunar og því þarf að vera til staðar viðbragðsáætlun vegna olíu- og efnaleka.

Landsvirkjun ætlast til þess að verktakar bregðist við með viðeigandi hætti fái þeir ábendingu um að kröfum þeim sem settar eru fram í köflunum hér að neðan sé ekki fylgt. Við ítrekuð brot verktaka eða ef úrbætur dragast á langinn eftir ábendingar, áskilur Landsvirkjun sér rétt til þess að beita viðurlögum.

Landsvirkjun tilgreinir aðila sem ber ábyrgð á þeim kröfum sem fram koma í þessu skjali, eigi síðar en við undirritun samnings.

- Verktaki skal tryggja að fyrir liggi starfsleyfi fyrir alla starfsleyfisskylda starfsemi á hans vegum sem tengjast verkefnum Landsvirkjunar áður en vinna hefst.
- Allt starfsfólk verktaka sem kemur að verkinu skal sækja námskeið í umhverfismálum á vegum Landsvirkjunar, áður en vinna hefst. Námskeiðið fjallar m.a. um umhverfisstefnu Landsvirkjunar og umhverfismál í samræmi við starfsemi Landsvirkjunar s.s. viðkvæm svæði í náttúru og dýralíf. Námskeiðið er hluti af öryggisþjálfun á vegum Landsvirkjunar sbr. öryggishandbók Landsvirkjunar.
- Halda skal skrá um þátttöku á námskeiði.
- Nánar er kveðið á um lengd, tíðni og fyrirkomulag námskeiða í útboðsgögnum viðkomandi verksamninga.
- Verktaki eða starfsfólk á vegum hans, getur óskað eftir því að fá undanþágu frá því að sækja námskeiðið, en fyrir því þurfa að liggja gild rök, s.s. að verktaki eða starfsfólk hafi sótt sambærilegt námskeið nýlega eða sé nýkomið til starfa og bíður eftir næsta námskeiði.
- Öll umhverfisatvik skal tilkynna til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar, sem sér um að skrá og tilkynna í gæðakerfi/viðhaldskerfi. Verkefnastjóri/tengiliður Landsvirkjunar hefur samband við heilbrigðiseftirlit varðandi umhverfistjón og viðbrögð við þeim eftir því sem við á.

2. Nýting vatns: Grunnvatn - kalt vatn

Vatn er t.d. notað sem neysluvatn í vinnubúðum og vinnsluvatn (kælivatn). Óhófleg vatnstaka getur skert vatnsauðlind ef tekið er hraðar úr auðlindinni en náttúruleg endurnýjun hennar er. Of mikil vatnsnotkun getur valdið vatnsskorti og neikvæðum áhrifum á gróður og dýralíf. Vatn getur mengast vegna losunar á þétti- og skiljuvatni, olíum, hættumerktum efnum eða frárennsli. Að öðru leyti vísast til reglugerðar um varnir gegn mengun grunnvatns.

Kröfur

- Gæta skal þess að stilla vatnstöku í hóf til að takmarka áhrif á vistkerfi.
- Tryggt skal að grunnvatn mengist ekki vegna framkvæmda eða rekstrar.
- Landsvirkjun leggur fram áætlun um notkun grunnvatns á svæðinu ef við á.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

3. Landnotkun og lífríki

3.1 Jarðrask

Jarðrask vegna mannvirkjagerðar, efnistöku og efnislosunar (haugsetningar) hefur óhjákvæmilega áhrif á jarðmyndanir og ásýnd lands. Við verklegar framkvæmdir skal verktaki leitast við að halda sjónrænum áhrifum, áhrifum á gróður og jarðmyndanir í lágmarki. Tryggja skal að ekki sé farið út fyrir skilgreind mörk framkvæmdar. Ávallt skal ganga frá röskuðum svæðum þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu og komið í veg fyrir langtíma neikvæð áhrif, svo sem vegna jarðvegsrofs að framkvæmdatíma loknum.

Kröfur

- Ekki má hefja verk fyrr en verktaki hefur fengið verkleyfi frá Landsvirkjun, afmörkun á framkvæmdasvæði (helst hnitsetta) og lýsingu á umfangi verks.
- Allt rask utan framkvæmdasvæðis, þ.m.t. efnistöku- og efnislosunarsvæða, er óheimilt.
- Verktaki skal tryggja að ekki sé farið út fyrir mörk framkvæmdasvæðis svo sem með því að afmarka það á verktíma með sýnilegum hætti.
- Með útboðsgögnum framkvæmda fylgir verkhönnun. Við þá hönnun hefur m.a. verið skoðað hvar lagnir liggja á svæðinu. Ef verktaki grefur niður á lagnir skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og hafa samband við verkefnastjóra/tengilið Landsvirkjunar.
- Við verkhönnun þarf einnig að skoða hvort á/við framkvæmdasvæði séu fornminjar. Ef verktaki telur sig hafa komið niður á mannvistarleifar skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og hafa samband við verkefnastjóra/tengilið Landsvirkjunar.
- Akstur utan vega er óheimill.

3.2 Lífríki

Framkvæmdir geta haft áhrif á lífríki svo sem fiskgengd, stofnstærðir, búsvæði, fuglavarþ, gróður, hegðun hreindýra á burðartíma sem og val á beitolöndum og fæðuval. Hávaði frá vinnuvélum, tækjum, borum og sprengivinnu getur haft truflandi áhrif á dýralíf, sérstaklega á vorin.

Kröfur

- Stýra skal verklagi til að koma í veg fyrir umhverfisatvik eins og olíuslys sem getur haft áhrif á lífríkið eða dreifingu plasts og annarra efna út í náttúruna. Því er m.a. ekki leyfilegt að nota plasttrefjar í sprautusteypu og plasthyllki við sprengingar.
- Verktaka skal tryggja að plastefni geti ekki rifnað og dreifst út í umhverfið með vatni eða vindi.
- Stýra skal verklagi vegna hávaðasamra framkvæmda, með tilliti til umhverfisins s.s. á varptíma, t.d. vinnu við höggbor, háþrýstidælur, meitlun á bergi eða sprengingar.
- Verktaki skal hafa skýrt verklag um umgengni við náttúru og lífríki. Vinnu skal hagað m.t.t. árstiða og hliðsjón af varpi fugla ásamt fari og burði hreindýra.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

3.3 Sjónræn áhrif og landmótun

Með sjónrænum áhrifum er átt við að breytingar á ásýnd svæðis hafi áhrif á upplifun fólks. Þetta geta verið ný mannvirki sem reist eru eða breytingar á landslagi sem verða við jarðrask í framkvæmdum eða rannsóknum. Áhrif eru mismunandi og ráðast til að mynda af landslagseinkennum og nýtingu landsvæða.

Kröfur

- Fylgja skal kröfum Landsvirkjunar um frágang mannvirkja, efnisnáma, haugsvæða og vinnusvæða fyrir búðir og aðra aðstöðu.
- Tryggja skal góða og snyrtilega umgengni um framkvæmdasvæðið.
- Verktaki ber ábyrgð á að vinnusvæði sé hreint, vel skipulagt og að tiltekt fari fram daglega eða oftár ef þörf krefur.
- Tryggja skal vel skipulagt svæði fyrir geymslu á efni sem er varið gegn veðri og hrunhættu.

4. Orkunotkun - Eldsneyti og olíur

Í starfsemi Landsvirkjunar er jarðefnaeldsneyti notað sem eldsneyti á bifreiðar, ýmsar vélar, tæki, jarðbora og sem varaafll. Bruni jarðefnaeldsneytis veldur neikvæðum loftslagsáhrifum og hefur Landsvirkjun því sett sér það markmið að hætta notkun jarðefnaeldsneytis árið 2030. Til að styðja við þá ákvörðun hefur Landsvirkjun einnig sett sér markmið um að draga sem mest úr notkun jarðefnaeldsneytis við framkvæmdir á vegum fyrirtækisins.

4.1 Eldsneytisnotkun – loftslagsáhrif

Kröfur og tilmæli

- Verktaki skal draga eins og kostur er úr notkun jarðefnaeldsneytis m.a. með því að nota rafmagn eða annað vistvænt eldsneyti og leggja fram áætlun þar um áður en verk hefst.
- Ef notkun ökutækja er meiri en vegna samgangna til/frá vinnusvæði skal verktaki tryggja að, að lágmarki 15% fólksbifreiða og sendibifreiða á hans vegum keyri á rafmagni eða öðru vistvænu eldsneyti, nema um annað sé samið.
- Ef eldsneytisnotkun er meiri en vegna samgangna til/frá vinnusvæði þá skal verktaki skila yfirliti yfir raun notkun alls eldsneytis til Landsvirkjunar.
- Allar staðbundnar vélar sbr. jarðborar og grjótmulningstæki skal keyra á rafmagni eða öðru vistvænu eldsneyti, nema um annað sé samið.
- Leitast skal við að skilja ökutæki og vinnuvélar ekki eftir í lausagangi.

4.2 Mengun og leki

Kröfur

- Losun á olíu og olíuefnum í vatn, grunnvatn og jarðveg er bönnuð.
- Tryggja skal að eldsneyti og olíuefni (glussi, smurolíur) leki ekki niður við áfyllingu á tanka, vélar og búnað.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

- Viðgerðir og viðhald véla og ökutækja skal fara fram þar sem fullnægjandi aðstaða og mengunarvarnir eru til staðar, s.s. steyptu plani eða malarsvæði með þéttum jarðvegsdúk sem er tengdur við olíuskiljur.
- Tryggja skal að ástand vélbúnaðar sé með þeim hætti að hann valdi ekki óþarfa reyk- eða sótmyndun og að enginn olíuleki sé til staðar.
- Skrá skal alla olíuleka og tilkynna til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar innan 24 klst.
- Verktaki skal skila til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar, í upphafi verks, skriflegri viðbragðsáætlun um viðbrögð við umhverfisatvikum. Ef magn leka á olíu eða olíuefnum fer yfir 50 l skal verktaki tilkynna það til heilbrigðiseftirlits viðkomandi svæðis.
- Verktaki skal skila inn áætlun við upphaf framkvæmda um ástandsskoðun vinnuvéla og tækja sem nota á í verkinu.
- + Í hverju ökutæki með eldsneytistank sem inniheldur meira en 100 lítra af eldsneyti og öllum vinnuvélum skulu vera ísogsmottur eða annar viðurkenndur mengunarvarnarbúnaður.
- + Olíumenguðum jarðvegi skal skilað á viðurkenndan móttökustað eða fargað í samráði við heilbrigðiseftirlit.
- Þegar unnið er á viðkvæmum svæðum í nálægð við vötn, ár eða önnur svæði sem Landsvirkjun skilgreinir, skal nota olíur/olíuefni sem brotna auðveldlega niður í náttúrunni og valda ekki eituráhrifum á vatnalífriki, sé þess kostur.
- Að öðru leyti vísast til starfsleyfis verktaka sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út og reglugerða um olíuúrgang og varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

4.3 Olíutankar, áfylling og varnir

Kröfur

- Tryggja skal gilt starfsleyfi fyrir umbúnað og rekstur olíutanks/neyslugeymis.
- Tryggt skal að staðsetning olíutanka ógni ekki lífríki né neysluvatni.
- Tryggja skal öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir við rekstur neyslugeyma.
- Áfylling skal fara fram þar sem fullnægjandi aðstaða og mengunarvarnir eru til staðar, á steyptum plönum eða malarsvæði með þéttum jarðvegsdúk með tengingu í olíuskiljur.
- Magn olíu í olíutönkum skal stjórnað af stærð á olíuþró.
- Lekavarnir (olíuþrær) skulu vera við alla fasta eldsneytistanka.
- Áfylling skal fara fram þar sem fullnægjandi aðstaða og mengunarvarnir eru til staðar, á steyptum plönum eða malarsvæði með þéttum jarðvegsdúk með tengingu í olíuskiljur.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

- Tryggja skal að bílstjórar hafi ADR réttindi til flutninga á meira magni en 400 lítrum af bensíni eða 1000 lítrum af dísilolíu.
- Að öðru leyti vísast til starfsleyfis verktaka sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út og reglugerða um olíuúrgang og um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- Ábyrgðaraðili eldsneytistanka skal halda skrá yfir stærð og staðsetningu eldsneytistanka ásamt verklagi um reglubundið eftirlit á tönkunum.

5. Efnanotkun



Við val á efnum, hvort sem það er málning eða önnur hættumerkt efni skal leitast við að velja umhverfisvottuð efni, þ.e. efni sem eru vottuð með Svaninum, Evrópublóminu eða sambærilegu. Hættumerkt efni má aldrei losa út í umhverfið og einungis nota þar sem nauðsyn ber til. Hættumerkt efni geta haft skaðleg áhrif á heilsu manna, dýra og á umhverfið. Þau geta verið eitruð vatnalífverum og haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. Dæmi um hættumerkt efni sem eru skaðleg fyrir umhverfið eru; olíuefni, glussi, málning, eldsneyti, lím, tjöruhreinsir, vatnsverjandi úðar og lakk. Hætta fyrir umhverfið skapast t.a.m. við flutning efnanna, leka við geymslu, notkun eða áfyllingu á tæki eða í ílát og við eldsvoða.

Kröfur

Velja skal umhverfisvottuð efni, málningu og önnur hættumerkt efni (s.s. með Svaninum, Evrópublóminu eða sambærilegu sem eru í samræmi við ISO 14024) í samráði við verkefnastjóra/tengilið.

- Áhættumat vegna hættumerktra efna sem tekur á meðhöndlun, geymslu og förgun skal liggja fyrir áður en vinna hefst.
- Ef nota á hættumerkt efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldar eða hafa áhrif á frjósemi skal sækja um heimild til þess hjá Landsvirkjun.
- Ef nota á eitrefni skal verktaki sjá til þess að eitrefnaleysi frá Vinnueftirlitinu sé til staðar. Notkun eitrefna er einnig háð leyfi frá Landsvirkjun.
- Ekki er leyfilegt að kaupa inn ný efni á kandídatlista REACH.
- Skila á spilliefnum til viðurkennds móttökuaðila. Upplýsingum um skilin skal skila til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar og halda til haga afritum af kvittunum fyrir móttöku.
- Uppfæra skal efnalista um leið og önnur hættumerkt efni eru tekin í notkun yfir verktímann.
- Öryggisblöð fyrir hættumerkt efni skulu vera tiltæk á notkunarstað og efni geymd á öruggan hátt á meðan á verki stendur.
- Meðhöndlun og notkun hættumerktra efna skal vera samkvæmt leiðbeiningum í öryggisblaði öryggisblöðum og öryggis- og neyðarbúnaður skal vera tiltækur.
- Óheimilt er að umhella hættumerktum efnum yfir í aðrar umbúðir, nema að tryggt sé að umbúðirnar henti viðkomandi efni og séu rétt merktar.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

- Hættumerkt efni skal geyma á til þess bærum geymslusvæðum.
- Bannað er að losa hættumerkt efni, t.d. olíur eða terpentínu, út í umhverfið, í frárennsliskerfi eða í niðurföll.
- Verktaka er óheimilt að skilja eftir hættumerkt efni á vinnusvæðinu við verklok nema að um annað sé samið.

6. Innkaup

Við innkaup á vöru á að leggja áherslu á vistvænar vörur og þjónustu með áreiðanlegum umhverfismerkingum t.d. efni sem eru vottuð með Svaninum, Evrópublóminu eða sambærilegu. Vistvæn innkaup fela í sér að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu, andrúmsloftinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftíma-kostnað miðað við aðrar vörur og þjónustu sem í boði eru.

Kröfur og tilmæli

- Velja skal vistvæn ökutæki og vinnutæki eins og kostur er.
- Velja skal steypu og stál með sem lægst kolefnisspor að uppfylltum kröfum um gæði sem tilgreind eru í útboðsgögnum.
- Leitast skal við að velja aðrar vörur og þjónustu með sem lægst kolefnisspor að uppfylltum kröfum um gæði.
- Stýra skal innkaupum á hættumerktum efnum þannig að notkun á efnum sem eru skaðleg umhverfi séu í lágmarki við framkvæmd.
- Velja skal umhverfisvottaða vöru/efni, þ.e. efni sem eru vottuð áreiðanlegum umhverfismerkjum, s.s. með Svaninum, Evrópublóminu eða sambærilegu ef þess er kostur.
- Velja skal þjónustu sem er vottuð áreiðanlegum umhverfismerkjum, s.s. Svaninum eða sambærilegu ef þess er kostur.
- Skila skal inn umhverfisýfirlýsingu frá framleiðanda (EPD-blaði) sem byggir á ISO 14025 eða sambærilegum upplýsingum til staðfestingar á kolefnisspori steypu og stáls.
- Leitast skal við að stunda innkaup á vörum og þjónustu í nærsamfélagi framkvæmda/verkefna.

7. Frárennsli

Frárennsli á framkvæmdasvæðum og starfsstöðvum Landsvirkjunar getur verið af ýmsum toga, svo sem frá gangagerð, borholum, borplönnum, verkstæðum, geymsluhúsnæði, aflsstöðvum og vinnubúðum svo eitthvað sé nefnt. Ófullnægjandi hreinsun frárennslis og skólps getur valdið því að olía, tjara, tjöruhreinsir og önnur mengandi efni skiljast ekki nógu vel frá og valda mengun. Til koma í veg fyrir mengun frá frárennsli er viðunandi hreinsibúnaði komið fyrir eins og olíuskiljum, setþróm eða rotþróm. Óheimilt er að losa hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í frárennsli.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

Kröfur

- Bannað er að losa hættumerkt efni, t.d. olíur eða terpentínu út í umhverfið, í frárennsliskerfi eða í niðurföll.
- Verktaki ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa frá yfirvöldum fyrir þær sem hann kemur fyrir á verktíma (rotþrær, fituþrær, olíuþrær o.s.frv.) nema um annað sé samið sérstaklega. Hann ber einnig ábyrgð á rekstri þeirra.
- Olíuskiljur, setþrær og rotþrær skulu vera nægjanlega stórar fyrir þá notkun sem fram fer og sýnt skal fram á það með útreikningum og eftirliti.
- Öll óskipulögð yfirborðslosun vatns og svarfs út í umhverfið er bönnuð.
- Frárennslisvatn sem losað er út í náttúrliga farvegi t.d. frá jarðborunum eða gangnagerð, skal ekki innhalda agnir sem eru stærri en 75 µm í þvermál. Setja skal fram áætlun um vöktun á frárennslis og eftirlit með olíuskiljum, setþróum og rotþróum og skila til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar, áður en framkvæmdir hefjast.
- Losun úr þróum skal framkvæmd af viðurkenndum aðilum sem hafa tilskilin starfsleyfi. Skila skal upplýsingum um losun á þróum til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar og halda til haga afritum af kvittunum fyrir skilin.

8. Úrgangur

8.1 Úrgangur til flokkunar

Landsvirkjun hefur sett sér markmið um að stuðla að aukinni hringrás í rekstri og framkvæmdum og koma í veg fyrir sóun. Hafa þarf í huga að til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum úrgangs er mikilvægast að draga úr myndun hans og umfangi. Ef úrgangur fellur til skal leitast eftir fremsta megni að koma efnum aftur í hringrás auðlinda. Flokka skal allan úrgang svo hægt sé að endurnýta og endurvinna eins mikið og mögulegt er og koma þannig í veg fyrir sóun og mengun.

Skylda er að flokka allan úrgang þ.m.t. byggingar- og niðurrifsúrgang í eftirfarandi flokka:

- | | |
|---------------------------------------|--------------|
| • Blandaður úrgangur | • Pappi |
| • Eldhúsúrgangur til jarðgerðar | • Pappír |
| • Gifs | • Plast |
| • Gler | • Spilliefni |
| • Jarðvegur og uppgröftur (steinefni) | • Steypa |
| • Málmar (þ.m.t. steypustyrktarjárn) | • Timbur |

Kröfur og tilmæli

- Verktaki skal leitast við að endurnota áfram efni eins og kostur er og ef um niðurrif er að ræða skal haga því þannig að hægt sé að endurnota það sem fellur til sé þess nokkur kostur.
- Verktaki skal draga eins og unnt er úr magni úrgangs og flokka þann úrgang sem til verður svo hægt sé að endurnýta hann eða endurvinna eins og mögulegt er. Halda skal blönduðum úrgangi í algjöru lágmarki.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

- Verktaki skal skila til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar áætlun um úrgangsstjórnun áður en framkvæmdir hefjast, óski Landsvirkjun eftir því.
- Verktaki ber ábyrgð á að úrgangur sem fellur til vegna starfa hans sé fjarlægður af vinnusvæðinu nema um annað sé samið sérstaklega.
- Verktaka er óheimilt að skilja eftir eða nýta flokkunarker Landsvirkjunar til förgunar á úrgangi, nema að um það sé samið sérstaklega og það sé tilgreint í verkleyfi/verksamningi.
- Ganga skal vel frá úrgangi og fyrirbyggja fok og uppsöfnun úrgangs í náttúrunni.
- Merkja skal gáma viðkomandi úrgangsflokk. Tryggja skal reglulega losun úrgangs til að gámar yfirfyllist ekki. Þar sem á við skal tryggja að gámar séu lokaðir eða með möguleika á því, svo ekki fjúki úr þeim.
- Úrgangi skal skilað til viðurkennds aðila og upplýsingum um magn, tegund og farveg úrgangs sem fellur til í viðkomandi verkefni skilað til verkefnastjóra / tengiliðar Landsvirkjunar. Halda skal til haga afritum af kvittunum fyrir móttöku.
- Sækja þarf um leyfi hjá Landsvirkjun ef afhenda á afgangsefni eða úrgang til efnisvinnslu sem til fellur (t.d. timbur eða málma) til annarra, í stað þess að skila því til viðurkennds móttökuaðila.

8.2 Spilliefni

Spilliefni er einn flokkur af úrgangi sem samanstendur af leifum og umbúðum af hættumerktum efnum. Spilliefni geta verið eldfim, ertandi, hættuleg heilsu, eitruð, krabbameinsvaldandi, ætandi eða hættuleg umhverfinu. Berist efnin í vatn eða jarðveg geta þau mengað umhverfið, haft áhrif á lífríkið og nærliggjandi vatnsból. Draga skal eins og unnt er úr myndun spilliefna.

Kröfur

- Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang og geyma þau þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins.
- Ef spilliefnum er hellt á brúsa eða önnur ílát skal merkja ílátið með upplýsingum um hættulega eiginleika (t.d. eldfimt eða ertandi) og efnaflokk (t.d. olía, málning, leysiefni).
- Ef vafi er á hvort efni telst spilliefni, skal leita upplýsinga hjá viðurkenndum móttökuaðila, heilbrigðiseftirliti eða Umhverfis- og orkustofnun.
- Verktaka er óheimilt að skilja eftir eða nýta spilliefnaker Landsvirkjunar til förgunar spilliefna nema að um það sé samið sérstaklega og það sé tilgreint í verkleyfi/verksamningi.
- Skila á spilliefnum til viðurkennds móttökuaðila. Upplýsingum um skilin skal skila til verkefnastjóra/tengiliðar Landsvirkjunar og halda til haga afritum af kvittunum fyrir móttöku.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfismál

Tilvísun: VKL-0161 Umhverfisstjórnun, REG-0001 Innkaupareglur Landsvirkjunar

9. Samfélag

Í samfélagsstefnu Landsvirkjunar segir m.a.: „Landsvirkjun er góður granni. Við komum fram af heiðarleika og virðingu og höfum að leiðarljósi að nærsamfélag njóti ávinnings af starfsemi okkar, allt frá undirbúningi verkefna í rekstur virkjana“.

Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar hafa mismikil áhrif á samfélagið. Sumar hafa mjög takmörkuð eða engin áhrif meðan aðrar geta haft áhrif á nærsamfélög og jafnvel þjóðfélagið í heild sinni. T.d. getur hávaði haft áhrif á byggð, útivist og upplifun ferðamanna af náttúrunni. Þá eru orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar öll í næsta nágrenni við ýmis náttúruverndarsvæði, eins og t.d. þjóðgarða, og því mikilvægt að trufla ekki þá starfsemi sem þar fer fram. Landsvirkjun leggur ríka áherslu á gott samstarf við nærsamfélag og hagsmunaaðila og ber vertökum að taka þátt í því samstarfi og fylgja stefnu Landsvirkjunar þar um.

Kröfur og tilmæli

- Verktaki þarf mögulega að taka þátt í samstarfsverkefnum með nærsamfélagi eftir því sem verkefnastjóri/tengiliður Landsvirkjunar skilgreinir og samið er um sérstaklega. Um er að ræða t.d. kynningarfundir og upplýsingagjöf vegna framkvæmdaverkefna.
- Verktaki skal leitast við að styðja nærsamfélög framkvæmdasvæðis með kaupum á vörum og þjónustu í nærsamfélögum sé þess kostur.
- Framkvæmdasvæði, vegir sem liggja að því og næsta nágrenni skal ávallt vera snyrtilegt, í því felst m.a. að ganga vel um, skilja ekki eftir rusl á svæðinu og ganga frá vinnuvélum og verkfærum með skipulegum hætti. Verktaki ber ábyrgð á þessu.
- Verktaki skal gæta þess að hindra ekki umferð um vegi, göngu- og reiðleiðir á framkvæmdasvæðinu eða í næsta nágrenni við það.
- Verktaki skal taka tillit til þeirra sem stunda útivist á og við framkvæmdasvæðið, s.s. fólk á göngu, í útreiðartúr, við veiðar o.s.frv. Það á einnig við ef önnur atvinnustarfsemi eða verktakar eru að vinna í eða við framkvæmdasvæðið.
- Landsvirkjunar skal stýra framkvæmdum þannig að truflun vegna sauðfjárbeitar og fjallskila verði lágmarkuð í samráði við verktaka.
- Ef girðingar eru á vinnusvæðinu er það á ábyrgð verktaka að þær rofni ekki og sjá til þess að búfænaður komist ekki á milli svæða.
- Stýra skal verklagi vegna hávaðasamra framkvæmda, t.d. vinnu við höggbor, háprýstidælur, meitlun á bergi eða sprengingar þannig að sem minnst ónæði hljótist af framkvæmdunum. Í því samhengi skal m.a. fylgja ákvæðum um hljóðvist í reglugerð um hávaða og lögreglusamþykkt í viðkomandi sveitarfélagi.
- Verktaki skal tryggja að akstur starfsfólks hans um nærsamfélag sé í samræmi við umferðarlög og á löglegum hraða. Hvað varðar flutninga á efni, tækjum og búnaði til og frá verkstað er vísað til Öryggishandbókar Landsvirkjunar (flutningar á landi). Á það sérstaklega við þegar ekið er í gegnum þéttbýliskjarna eða sveitir þar sem vegir geta verið þröngir, brýr varasamar eða raflínur þvera vegi. Í einhverjum tilfellum getur verið nauðsynlegt hafa samráð við veghaldara og/eða setja upp vinnusvæða-merkingar á vegum í tengslum við akstur til og frá verkstað.